

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Akureyri, 26. júní 2024
UST202405-299/S.R.B.
10.04.03

Ósk um umsögn - deiliskipulag - breyting - Röndin

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 30.5.2024 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Röndinni við Kópasker, Norðurþingi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin geri ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að lóð fiskeldisstöðvarinnar á Röndinni sem verði staðsettur austan núverandi athafnalóða við Röndina og tengist inn á Sléttuveg (870). Frá Sléttuvegi liggur vegurinn til suðurs meðfram beitarlandsgirðingu og nýtingarlandi vatnstöku og inn á lóð fiskeldisstöðvarinnar þar sem hann tengist inn á þjónustuveg innan lóðar.

Fram kemur að umhverfisáhrif breytingarinnar séu talin fremur takmörkuð en að helst megi gera ráð fyrir að áhrif verði jákvæð á öryggi vegna minni umferðar í gegnum Kópasker auk þess sem álag á svæði á náttúruminjaskrá verður minna með nýjum vegi.

Vegurinn muni liggja að mestu meðfram beitarlandsgirðingu og raskar gróðurfari takmarkað. Ekki er talið að önnur umhverfisáhrif verði vegna breytingar á deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun vil benda á líkt og kom fram í umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi á Röndinni frá því í júní 2022 mikilvægi þess að hugað sé að fuglalífi við gerð slíkra breytinga. Samkvæmt heimasíðu NÍ segir að svæðið er alþjóðlega mikilvægt svæði fyrir æður, ritu, kríu, álku, lóm og himbrima á varptíma og á fartíma fyrir rauðbrysting, sanderlu, sendling og tildru. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir á svæðinu séu utan varptíma.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við breytingu á deiliskipulaginu.

Virðingarfyllt,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri